

## Sjóvá – Árshlutauppgjör

### 465 m.kr. tap á fyrsta ársfjórðungi 2020

#### Fyrsti ársfjórðungur 2020 og horfur

- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 185 m.kr. (1F 2019\*: 522 m.kr.)
- Tap af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta 552 m.kr. (1F 2019\*: 658 m.kr. hagnaður)
- Tap tímabilsins 465 m.kr. (1F 2019: 1.053 m.kr. hagnaður)
- Ávöxtun fjárfestingarsafns félagsins -0,2% (1F 2019: 3,5%)
- Samsett hlutfall 98,5% skv. nýjum leiðbeinandi tilmælum FME SÍ (1F 2019\*: 92,4%)
- Þann 12. mars sl. voru birtar horfur félagsins um afkomu og samsett hlutfall felldar úr gildi í ljósi þeirrar óvissu sem skapaðist í kjölfar útbreiðslu COVID-19 veirunnar.
- Enn ríkir umtalsverð óvissa um áhrif á íslenskt hagkerfi og því ekki forsendur til að birta nýjar horfur en stefnt er að því að birta uppfærðar horfur við kynningu á 6 mánaða uppgjöri félagsins í ágúst nk.

#### Hermann Björnsson, forstjóri:

„Segja má að afkoman fyrir 1. ársfjórðung 2020 hafi verið ákveðinn varnarsigur. Þrátt fyrir að tap hafi verið á rekstri sem nemur 465 m.kr. þá skilaði váttryggingastarfsemin 185 m.kr. hagnaði við krefjandi aðstæður þar sem m.a. einn stórbruni átti sér stað á fjórðungnum. Samsett hlutfall fyrir fjórðunginn nam 98,5%. Afkoma af fjárfestingastarfsemi var mjög sveiflukennð á ekki lengri tíma en 3 mánuðum. Árið fór mjög vel af stað allt þar til verð tók að falla á hlutabréfamarkaði en skuldabréfamarkaður hefur skilað ágætri ávöxtun sem vegur upp á móti tapi af skráðum hlutabréfum.

Í byrjun apríl var tekin ákvörðun um að fella niður maí gjalddaga á ökutækjatrýggingum einstaklinga. Var sú ákvörðun grundvölluð á þeim mikla samdrætti í umferð sem átt hafði sér stað frá upphafi samkomubanns og afleiðingum þess sem við sjáum í umtalsvert færri tjonstilkynningum frá sama tíma. Því voru bifreiðaiðgjöld lækkuð með niðurfellingu maí gjalddaga. Það er ánægjulegt að greina frá því að þessi aðgerð hefur mælst gríðarlega vel fyrir hjá viðskiptavinum okkar sem og utan þess hóps.

Fyrir rúmum 2 mánuðum var ákveðið að allir starfsmenn sinntu starfi sínum í fjarvinnu heiman frá sér til að sporna gegn útbreiðslu COVID-19. Það er skemmst frá því að segja að sú tilfærsla gekk hnökralaust fyrir sig og án þess að koma niður á þjónustustigi eða frumkvæðissamskiptum við viðskiptavini okkar. Kann ég starfsmönnum miklar þakkir fyrir þeirra frábæra framlag og aðlögunarhæfni við þessar aðstæður. Einnig er þakkarvert að viðskiptavinir hafa nýtt sér í auknum mæli þær stafrænu lausnir og samskiptaleiðir sem í boði eru og munum við eftir sem áður leggja áherslu á að þjónusta viðskiptavini eftir þeim leiðum sem þeir óska.

Um 10% iðgjalda Sjóvár á rekstrarárinu 2019 voru beintengd fyrirtækjum í ferðaþjónustu líkt og bílaleigum, hópferðabilum, hótelum og flugfélögum. Þetta er sá hópur fyrirtækja sem finnur hvað mest fyrir efnahagssamdrætti tengdum COVID-19 faraldrinum. Mikill metnaður hefur verið lagður í að vinna náið með þessum fyrirtækjum, líkt og öllum okkar viðskiptavinum, við að leysa úr þeirri flóknu stöðu sem upp er komin. Vert er að halda því til haga að jafnhliða minnkandi tekjum frá þessum aðilum þá dregur úr áhættu þeim tengdum í formi tjóna.

Þann 12. mars sl. voru birtar horfur félagsins um afkomu og samsett hlutfall felldar úr gildi í ljósi þeirrar óvissu sem skapaðist í kjölfar útbreiðslu COVID-19 veirunnar. Enn ríkir umtalsverð óvissa um áhrif á íslenskt hagkerfi og því ekki forsendur til að birta nýjar horfur en stefnt er að því að birta uppfærðar horfur við kynningu á 6 mánaða uppgjöri félagsins í ágúst nk.

Líkt og tilkynnt var á síðari hluta árs 2018 tók stjórn ákvörðun um að stefnt skyldi að útgáfu víkjandi skuldabréfa ef ásættanleg kjör næðust. Beðið hefur verið álits skattayfirvalda um skattalega meðferð vaxtagjalda af skuldabréfunum. Úrskurður yfirsattanefndar liggur nú fyrir, þar sem fallist er á að heimilt sé að gjaldfæra vexti af víkjandi skuldabréfum líkt og fyrirhugað var að gera af hálfu félagsins. Enn er óbreytt fyrri ákvörðun stjórnar um að stefnt skuli að útgáfu á víkjandi skuldabréfa en tímasetning slíkrar útgáfu liggur ekki fyrir.“

\*samanburðarfjárhæðum fyrir árið 2019 hefur verið breytt í samræmi við leiðbeinandi tilmæli FME SÍ nr. 1/2020

**Rafrænn fjárfestafundur 14. maí kl. 16:15 (ATH: aðeins hægt að fylgjast með fundinum í gegnum streymi)**

Markaðsaðilum og fjárfestum er boðið að fylgjast með beinni útsendingu af fundinum þar sem Hermann Björnsson forstjóri mun kynna afkomu félagsins á fyrsta ársfjórðungi. Í ljósi aðstæðna verður fundurinn ekki opinn fjárfestum og markaðsaðilum en vilji aðilar bera upp spurningar sem tengjast uppgjörinu má senda þær á netfangið [fjarfestar@sjova.is](mailto:fjarfestar@sjova.is) á meðan á útsendingu stendur og verður þeim svarað í lok fundarins.

Fundinum verður vefvarpað beint á slóðinni <https://youtu.be/4yxPPhk9V98>

Kynning á uppgjörinu verður aðgengileg á vef Sjóvár [www.sjova.is/fjarfestar](http://www.sjova.is/fjarfestar) frá þeim tíma er kynningarfundurinn hefst og verður upptaka af fundinum aðgengileg á sömu síðu að fundi loknum.

**Fjárhagsdagatal**

2F 2020 – 20. ágúst 2020

3F 2020 – 29. október 2020

4F 2020 – 11. febrúar 2021

The News Announcement and Investors' Presentation in English will be available on the website [www.sjova.is](http://www.sjova.is)

**Nánari upplýsingar**

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Vala Halldórsdóttir í síma 844-2136 eða [fjarfestar@sjova.is](mailto:fjarfestar@sjova.is).

## Helstu niðurstöður og lykiltölur



	1F 2020	1F 2019*	%
<b>Vátryggingastarfsemi</b>			
Iðgjöld tímabilsins	5.284	4.798	10%
Hluti endurtryggj. í iðgjaldatekjum	-321	-235	37%
Eigin iðgjöld	4.963	4.563	9%
Fjárfestingatekjur af vátryggingarekstri*	73	129	-43%
Aðrar tekjur	49	37	32%
Heildartekjur af vátryggingarekstri	5.085	4.730	8%
Tjón tímabilsins*	-4.185	-3.282	28%
Hluti endurtryggjenda í tjónum tímabilsins	312	81	286%
Eigin tjón*	-3.873	-3.201	21%
Rekstrarkostnaður af vátryggingarekstri	-1.027	-1.007	2%
Heildargjöld af vátryggingarekstri	-4.900	-4.208	16%
<b>Hagnaður af vátryggingarekstri</b>	<b>185</b>	<b>522</b>	<b>-65%</b>
<b>Fjárfestingastarfsemi</b>			
Fjárfestingatekjur af fjárfestingastarfsemi*	-30	1.029	-103%
Tæknil. vaxta- og gengisbr.vátryggingask.*	-346	-273	27%
Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi	-176	-98	80%
<b>Tap/hagnaður af fjárfestingastarfsemi</b>	<b>-552</b>	<b>658</b>	<b>-184%</b>
Tap/hagnaður fyrir tekjuskatt	-366	1.180	-131%
Tekjuskattur	-99	-127	-22%
<b>Heildartap/hagnaður tímabilsins</b>	<b>-465</b>	<b>1.053</b>	<b>-144%</b>
Tjónahlutfall*	79,2%	68,4%	
Endurtryggingahlutfall	-0,1%	3,0%	
Kostnaðarhlutfall	19,4%	21,0%	
<b>Samsett hlutfall*</b>	<b>98,5%</b>	<b>92,4%</b>	
Rekstrarhlutfall	96,6%	89,5%	
Arðsemi eigin fjár eftir skatta á ársgrundv.	-11,7%	30,0%	
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta á ársgrundv.	-9,2%	33,7%	
(Tap) hagnaður á hlut	-0,35	0,76	
Niðurstaða endurtrygginga	7	-146	
Vátryggingaskuld	31.740	28.190	
Heildareignir	54.631	49.807	
Eigið fé	15.578	14.228	
Gjaldþolshlutfall	1,47	1,43	
Lágmarksfjármagnshlutfall	3,65	3,70	

\*samanburðarfjárhæðum fyrir árið 2019 hefur verið breytt í samræmi við leiðbeinandi tilmæli FME Sí nr. 1/2020

Samstæðureikningur Sjóvár fyrir fyrsta ársfjórðung 2020 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundi þann 14. maí 2020. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.